

31. desember 1980.

1041

Nr. 648.

AUGLÝSING um tollafgreiðslugengi.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi nýkrónu sem skráð verður í erlendri mynt af Seðlabanka Íslands og gildi tekur 1. janúar 1981 skal gilda við ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru fyrir janúarmánuð 1981. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar áfram óbreytt.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 618 19. desember 1980 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1980.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.